

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar

2014/EES/4/52

frá 13. desember 2012

um viðurkenningu á Hasjemíska konungsríkinu Jórdaníu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna

(tilkynnt með númeri C(2012) 9253)

(2012/783/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarkspjálfun sjómanna⁽¹⁾, einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 2008/106/EB geta aðildarríkin ákveðið að árita viðeigandi skirteini farmanna, sem eru gefin út í þriðju löndum, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni viðkomandi þriðja land. Þriðju löndin verða að uppfylla allar kröfur samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) frá 1978 um menntun og þjálfun, skirteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin), eins og henni var breytt 1995.
- 2) Beiðni um viðurkenningu á Hasjemíska konungsríkinu Jórdaníu var lögð fram bréflega, 21. júlí 2008, af hálfu yfirvalda í Lýðveldinu Grikklandi. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar þessarar beiðni, metið kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skirteina í Hasjemíska konungsríkinu Jórdaníu til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skirteini. Matið var byggt á niðurstöðum skoðunar sérfræðinga á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu í nóvember 2009. Við þá skoðun komu í ljós tilteknir annmarkar á kerfum fyrir þjálfun og útgáfu skirteina.
- 3) Framkvæmdastjórnin lét aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins.
- 4) Framkvæmdastjórnin tilkynnti yfirvöldum í Jórdaníu bréflega, 21. september 2010 og 13. febrúar 2012, að annmarkar hefðu komið í ljós og fór fram á það að Hasjemíska konungsríkið Jórdanía legði fram sönnunargögn sem sýndu að ráðin hefði verið bót á annmörkunum sem komu í ljós.
- 5) Stærstu annmarkarnir tengdust framkvæmd löggjafar Jórdaníu á tilteknum ákvæðum STWC-samþykktarinnar um útgáfu skirteina yfirmanna, nánar tiltekið að ekki voru fyrir hendi kröfur um hæfnismat í tilteknum tilvikum

og um siglingatíma. Enn fremur náði gæðastaðlakerfið ekki yfir alla viðeigandi starfsemi stjórnsýslunnar og verklagsreglur tryggðu ekki alltaf að kröfum um hæfni væri fullnægt. Að lokum vantaði tiltekna þjálfunaraðstöðu í menntastofnuninni.

- 6) Hasjemíska konungsríkið Jórdanía tilkynnti framkvæmdastjórninni bréflega, 21. nóvember 2010, 18. apríl 2011 og 12. mars 2012, að gripið hefði verið til aðgerða til að ráða bót á fyrrnefndum ágöllum. Yfirvöld í Jórdaníu tilgreindu sérstaklega að landsákvæði um kröfur varðandi útgáfu skirteina hefðu verið færð til samræmis við samþykktina. Þau lögðu einnig fram sönnunargögn um fulla framkvæmd stjórnsýslunnar á gæðastaðlakerfi og um nýjar verklagsreglur um samþykki námskeiða. Að lokum voru framkvæmdastjórninni send sönnunargögn um að þjálfunaraðstaðan sem vantaði hefði verið sett upp og henni komið í gagn. 7) Lokaniðurstaða matsins sýnir að Hasjemíska konungsríkið Jórdanía uppfyllir kröfur STCW-samþykktarinnar og á sama tíma hefur landið gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skirteini. 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Hasjemíska konungsríkið Jórdanía hefur verið viðurkennt, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Siim KALLAS

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2013 frá 8. október 2013 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.